

Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	22/1 2019
Málsnr:	140907-5802
Bréfal:	

Reykjavík 18.01.2019

Á stjórnarfundi SORPU bs. þann 18. janúar 2019 var eftirfarandi fært til bókar:

#### 4. Viðræður Kölku og SORPU um hugsanlega sameiningu

Viðræðunefndir Kölku og SORPU ásamt ráðgjöfum Capacent og stjórnnum fyrirtækjanna hafa unnið að sameiningarviðræðum frá miðju ári 2016. Eftir þessar ítarlegu viðræður og yfirferð er stjórn SORPU bs. sammála um að sameining fyrirtækjanna geti verið mjög góður kostur fyrir sveitarfélögin með framtíðarhagsmuni og umhverfissjónarmið að leiðarljósí.

Nú er málið komið á það stig að góðar upplýsingar og hugmyndir liggja fyrir um á hvaða grundvelli hægt er að kynna mögulega sameiningu fyrir bæjarstjórnum sveitarfélaganna. Á þeim forsendum samþykkir stjórn SORPU bs. fyrir sitt leyti að vísa ákvörðunum um framhald málsins til bæjarstjórna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirkomulag um kynningu á málínu verði framkvæmd í samráði við stjórnarmenn SORPU.

Eins og fram kemur í þessari bókun er það mat stjórnar SORPU að nú liggi fyrir nægar upplýsingar og hugmyndir um forsendur til mögulegrar sameiningar Kölku og SORPU. Það sé þ.a.l. komið að þeim tímapunkti að að vísa málínu til sveitarfélaganna og að bæjarstjórni ákveði hvert framhald málsins skuli vera. Stjórn og framkvæmdastjóri SORPU eru að sjálfsögðu reiðubúin til að aðstoða við framkvæmd kynninga á málínu og önnur atriði sem sveitarfélögin kunna að óska eftir.

Meðfylgjandi er kynning og skýrsla Capacent um málið. Vakin er athygli á því að stjórn Kölku sf. samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar sl. sambærilega bókun.

Óskað er eftir að fulltrúar SORPU ásamt fulltrúum Capacent komi á fund borgarraðs/bæjarráðs til að kynna málið vð fyrsta hentuga tækifæri.

Virðingarfullst,

f.h. SORPU bs.

Björn H. Halldórsson  
Framkvæmdastjóri